

**Nd.**

### **317. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lögskráning sjómanna.

Frá Ólafi Thors.

1. Við 3. gr. Aftan við 2. málsg. komi: Einnig er lögskráningarstjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar, til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð, ef þess gerist þörf.
2. Við 9. gr. Í stað 2. málsg. komi tvær málsg., svo hljóðandi:  
Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skal skipstjóri, eða stýrimaður í forföllum hans, snúa sér til lögskráningarstjóra, og getur hann breytingarinnar á skipshafnarskránni.  
Skylt er lögskráningarstjóra að sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðdegis, og á helgum dögum, öðrum en föstndeginum langa og fyrri helgidag stórhátíðanna, frá kl. 4–6 síðd.
3. Við 10. gr. Á eftir orðunum »við lögskráningu« komi: í skiprúm. Eftir greinina komi ný málsg., svo hljóðandi:  
Við lögskráningu úr skiprúmi skal hann sýna skipshafnarskrá og sjóferðabækur.
4. Við 11. gr. Á eftir »hvort nokkna« komi ný eftirsetning: í framlögðum skjölum.
5. Við 16. gr.
  - a. Á eftir »skipstjóra« komi: á öðru skipi en íslenskum fiskiskipi.

b. Önnur málsgr. hljóði svo:

Nú er maður ráðinn á skip i þjónustu annars en útgerðarmanns, og skal þá sá, er hann vann hjá, hafa gest upp reikning hans áður en hann er lögskráður úr skiprúmi.

c. Málslíðirnir »Hvor aðili um sig« og út greinina falli burt.

6. Við 17. gr. Síðasti málslíður, »Vilji sjómaðurinn« og út greinina, falli burt.

7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Geti sjómaður eigi tekið á móti sjóferðabók og viðskiptabók sinni er hann er lögskráður úr skiprúmi, skal afhenda þær lögskráningarstjóra til varðveislu og ráðstöfunar.

8. Við 23. gr. 2. málsgr. síðari málslíð. Orðin »Gjald fyrir . . . . . er hennar óskar« falli niður.

9. Við 27. gr. Í stað »1930« komi: 1931.